

Skuldabréfasafn

Janúar 2025



Fyrir hverja

Skuldabréfasafn hentar þeim sem vilja dreift safn innlendra skuldabréfa með tiltöllega litlum sveiflum og sem er að stórum hluta verðtryggt.



- Skuldaraáhætta (tapsáhætta)*
- Markaðsáhætta (sveiflur í ávöxtun)*

* Nánar, sjá baksíðu.

Upplýsingar

Stofnað	02.11.2016
Fjöldi sjóðfélaga:	582
Heildarstærð m.kr:	1.175

Frá ávöxtun safnsins dregst hlutdeild í rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður Almenna lífeyrissjóðsins er 0,3% af meðaleignum.

Fjárfestingarstefna

	Stefna	Lágmark	Hámark
Skuldabréf og innlán	100%	100%	100%

Erlend

Meðaltími

er nr. 111/2016

Hægt er að nálgast lögina á heimasíðu Alþingis,

[www.althingi.is](#)

Nánari upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn

Borgartúni 25, 105 Reykjavík

Sími 510-2500

Fax 510-2550

almenni@almenni.is

[www.almenni.is](#)

Um safnið

Skuldabréfasafn fjárfestir í vel dreifðu innlendu skuldabréfasafni, bæði ríkisskuldabréfum, sértrygðum skuldabréfum, sveitarfélagabréfum, fyrirtækjaskuldabréfum og veðskuldabréfum.

Skuldabréfasafnið hentar þeim sjóðfélögum sem kjósa góða áhættudreifingu á innlendum skuldabréfamarkaði, jafna ávöxtun og tiltölulega litlar sveiflur. Gert er ráð fyrir því að sveiflur í ávöxtun safnsins verði að jafnaði litlar. Stór hluti safnsins er í dreifðum markaðsskuldabréfum með tiltölulega stuttan meðallíftíma (2 – 3 ár) og jafnframt er gert ráð fyrir að hluti safnsins séu veðskuldabréf sem gerð eru upp m.v. vaxtakjör bréfanna (uppgreiðsluverðmæti) og taka því ekki hefðbundnum markaðssveiflum.

Orðsending sjóðstjóra

Skuldabréfasafnið hækkaði um 7,2% á árinu 2024. Miklar sveiflur voru á ávöxtunarkröfu stuttra verðtryggðra skuldabréfa á árinu, þar sem ávöxtunarkrafan lækkaði á fyrsta ársfjórðungi, sem þýðir hækkun á verði skuldabréfa en sú kröfulækkun gekk að fullu til baka og hækkaði ávöxtunarkrafa stuttra verðtryggðra skuldabréfa yfir árið í heild. Skuldabréfamarkaður skilaði engu að síður ágætri ávöxtun yfir árið og hækkaði vísitala Nasdaq Iceland fyrir 5 ára löng verðtryggð skuldabréf um 6,9% á árinu.

Eignasamsetning

Ávöxtun, %

Flokkur	Vægi	Nafnávöxtun	Raunávöxtun	
Erlend hlutabréf	0,0%	Frá áramótum	7,2%	2,3%
Innlend skuldabréf	90,9%	SL 1 ár	7,2%	2,3%
Innlend hlutabréf	0,0%	SL 3 ár	7,5%	0,1%
Erlend skuldabréf og gjalddeyrir	0,0%	SL 5 ár	6,5%	0,4%
Innlán í íslenskum krónum	9,1%	Frá stofnun	6,0%	1,3%
	100,0%			

Lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð

Í október 2016 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 111/2016, um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Löggin fjalla um skattfrjálsta úttekt séreignarsparnaðar sem safnast hefur, til kaupa á fyrstu íbúð og/eða ráðstöfun sparnaðarinnar inn á lán sem tryggt er með veði í fyrstu íbúð. Úrræðið er varanlegt og heimilt er að nýta séreignarsparnað sem greiddur er á samfelldu 10 ára tímabili eftir 1. júlí 2017, að hámarki 500.000 kr. á einstakling, fyrir hverja 12 mánuði.

Skilyrði úttektar á séreignarsparnaði er að rétthafi hafi ekki áður átt íbúð og að hann afli sér íbúðarhúsnæðis annað hvort einn eða með öðrum einstaklingi en rétthafi þarf að eiga a.m.k 30% eignarhlut í íbúðinni sem keypt er.

Veðskuldabréf (sjóðfélagalán) og sértrygð skuldabréf fjármálafyrirtækja

Húsnæðissafnið hefur heimild til að fjárfesta í veðskuldabréfum (sjóðfélagalánum) og sértrygðum skuldabréfum fjármálafyrirtækja, til viðbótar við ríkisskuldabréf og innlán. Veðskuldabréfin og sértrygð skuldabréfin eru tryggð með veði í íbúðarhúsnæði. Veðskuldabréfin eru með beinu veði í íbúðarhúsnæði en sértrygð skuldabréf eru með veði í safni húsnæðislána, sbr. lög nr. 11/2008, um sértrygð skuldabréf. Sértrygð skuldabréf eru skráð í kauphöll og taka markaðssveiflum í samræmi við ávöxtunarkröfu á markaði. Veðskuldabréf (sjóðfélagalán) eru ekki skráð í kauphöll og eru gerð upp m.v. vaxtakjör bréfanna (uppgreiðsluverð). Veðskuldabréfin taka því ekki hefðbundnum markaðssveiflum og skila stöðugri ávöxtun.

Almennar upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn er lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreignarsjóður

Húsnæðissafnið er hluti af séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verðbóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru séreign hans en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall sjóðfélaga og er greidd út samkvæmt erfðareglum. Hefja má töku lífeyris úr séreignarsjóðum við 60 ára aldur. Ef sjóðfélagi verður öryrki er hægt að taka inneignina út á 7 árum m.v. 100% örorku.

Séreignarsjóður í stuttu máli:

- Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
- Inneign í séreignarsjóði erfist.
- Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum.
- Hægt er að nýta persónuafslátt við útgreiðslu.
- Fjármagnstekjuskattur greiðist ekki af vaxtatekjum í lífeyrissjóði.

Um skuldara- og markaðsáhættu

Skuldaraáhætta

Skuldaraáhætta er sú áhætta að fjárfesting tapist vegna gjaldþrots útgefanda verðbréfs eða þess sem á að inna af hendi greiðslu. Skuldaraáhætta er mismikil meðal útgefanda. Skuldaraáhætta er talin lítil ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáhætta er meiri ef um skuldabréf fyrirtækja er að ræða. Skuldaraáhætta minnkar með auknum fjölda útgefanda í söfnum.

Markaðsáhætta

Megin markaðsáhætta er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Breytingar á verði skuldabréfa til langs tíma eru meiri en skuldabréfa til stutts tíma við sömu breytingu á ávöxtunarkröfu. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og fela því í sér meiri markaðsáhættu en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma. Markaðsáhættu skuldabréfasjóða er hægt að mæla með meðallíftíma þeirra sem er núvirði á vegnu meðaltali gjalddaga í greiðsluflæði allra skuldabréfa sjóðsins. Markaðsáhætta minnkar með sparnaðartíma því þá minnka áhrif einstakra sveiflna og jafnast út með tímabilum hárrar og lágrar ávöxtunar.

Fyrirvari um eignamat

Almenni lífeyrissjóðurinn metur eignir safnsins með hliðsjón af fyrirbyggjandi upplýsingum um markaðsverð. Markaðsverð verðbréfa ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni og getur breyst með stuttum fyrirvara. Fjárhagslegur styrkleiki útgefanda verðbréfa getur einnig breyst og haft áhrif á eignamat. Nánari upplýsingar um eignamat eru í ársskýrslu sjóðsins.